



Viðbrögð grunnskóla Reykjanesbæjar vegna ófullnægjandi skólasóknar nemenda – Ótilkynnt forföll

Yfirlit yfir skólasókn er sýnilegt í Mentor. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn tilkynni skóla um fjarvistir. Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn er mikilvægt að brugðist sé hratt og örugglega við til að stuðla að bættri skólasókn.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda skal skoða ástundun nemandans síðustu þrjú skólamánuði, með sérstöku tilliti til dreifingu fjarvistanna (sbr. einstaka fjarvistir yfir langan tíma, margar fjarvistir yfir stuttan tíma). Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.

Þrep 1 – Viðmið 2 til 4 fjarvistir

Umsjónarkennari ræðir við nemanda. Foreldrum sent bréf um ástundun í gegnum Mentor.

Þrep 2 - Viðmið 5 til 9 fjarvistir

Skóli sendir foreldrum bréf um ástundun í gegnum Mentor. Umsjónarkennari boðar í kjölfarið fund með foreldrum og nemanda (ef viðeigandi). Tilkynnt til skólastjórnenda.

Þrep 3- Viðmið 10 til 14 fjarvistir

Fundur með umsjónarkennara og nemanda (ef viðeigandi), ásamt foreldrum og skólastjórnanda/fulltrúa hans. Áætlun sett fram.

Þrep 4 - Viðmið 15 til 24 fjarvistir

Málinu er vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Áætlun sett fram.

Þrep 5 - Viðmið 25 eða fleiri fjarvistir

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Reykjanesbæjar og til yfirsálfræðings fræðslusviðs Reykjanesbæjar. Barnavernd boðar til tilkynningarfundar.



Viðbrögð grunnskóla Reykjanesbæjar vegna ófullnægjandi skólasóknar nemenda – Leyfi / veikindi

Sem viðbót við viðbragðsáætlun vegna ófullnægjandi skólasókn sem birtist í forföllum sem ekki eru tilkynnt skóla, þarf einnig í einhverjum tilfellum að skoða tilkynnt forföll nánar í tengslum við hugsanlegan skólasóknarvanda.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda þrátt fyrir tilkynntar fjarvistir, skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi síðustu þriggja skólamánaða (staðfest langtímaveikindi eru hér frátalin). Skóli getur óskað eftir vottorði sé nemandi veikur í meira en einn dag. Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda veikinda og/eða leyfisdaga við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.

Þrep 1 – Viðmið 5 til 9 veikinda- og / eða leyfisdagar

Skóli sendir foreldrum bréf um ástundun í gegnum Mentor. Umsjónarkennari hefur í kjölfarið samband við foreldra.

Þrep 2 – Viðmið 10 til 14 veikinda- og / eða leyfisdagar

Skóli sendir foreldrum aftur bréf um ástundun í gegnum Mentor. Umsjónarkennari hefur í kjölfarið samband við foreldra. Ef 80% eða meira af forfalladögum eru tilkynnt veikindi, upplýsir umsjónarkennari skólahjúkrunarfræðing um stöðu mála sem metur mögulega aðkoma sína að málefnum nemandans. Skólahjúkrunarfræðingur tekur málið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir. Skólastjórnendur upplýstir um stöðu mála.

Þrep 3 – Viðmið 15 til 19 veikinda- og / eða leyfisdagar

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar, ásamt skólastjórnanda. Áætlun sett fram. Nemendaverndarráð upplýst um stöðu mála.

Þrep 4 – Viðmið 20 til 29 veikinda- og / eða leyfisdagar

Málinu vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar (e.t.v. með aðkomu fulltrúa úr nemendaverndarráði). Áætlun sett fram.

Þrep 5 – Viðmið 30 eða fleiri veikinda- og / eða leyfisdagar

Skólinn tilkynnir skólasókn nemandans til Barnaverndar Reykjanesbæjar og til yfirsálfræðings fræðsluviðs Reykjanesbæjar. Barnavernd boðar til tilkynningarfundar.

Viðauki

Viðbótarupplýsingar í tengslum við viðbrögð skóla við ófullnægjandi skólasókn

- i. Þegar áhyggjur umsjónarkennara/stjórnanda skólans vakna vegna slakrar skólasóknar leitar umsjónarkennari skýringa. Kennari ræðir við nemanda og foreldra. Sett eru sameiginleg markmið sem miða að bættri skólasókn. Æskilegt er að markmiðin séu tímasett. Skrá skal niðurstöðu samtala (t.d. í Mentor). Sjá þrep 1 og 2 í verklagi.
 - a. Umsjónarkennari ræðir við nemanda og lætur í ljós áhyggjur sínar og leitar lausna.
 - b. Umsjónarkennari ræðir við foreldra og lætur í ljós áhyggjur sínar og leitar lausna.
- ii. Ef enn eru áhyggjur af skólasókn og reynt hefur á sameiginleg markmið, boðar skólastjórnandi og umsjónarkennari til fundar með foreldrum og nemenda (ef viðeigandi) þar sem farið er yfir málið og leitað lausna. Skrá skal niðurstöður fundarins (t.d. í Mentor) og eftirfylgd tímasett. Sjá þrep 3 í verklagi.

Dæmi um leiðir:

- Mælt er með því að gera samning við foreldra og nemanda. Samningur getur falið í sér hækkun ástundunareinkunnar og/eða annars konar umbun frá skóla eða foreldra. Hann þarf að innihalda skýr markmið og vera tímasettur. Þá er æskilegt að boðað sé til stöðufundar á tímabilinu.
- Óskað er eftir aðkomu námsráðgjafa eða annars fagaðila innan skólans.
- Aðlaga umhverfi. T.d. Tékk inn og out
- Vinnustaðasamningar
- Aðlöguð stundaskrá

Foreldrar/forráðamenn upplýstir um að ef engar breytingar verða varðandi mætingu nemanda í skóla, verði málinu vísað til nemendaverndarráðs. Ef málinu er vísað til nemendaverndarráðs skal upplýsa foreldra/forráðamenn um þá ákvörðun.

- iii. Málinu er vísað til Nemendaverndarráðs sem fjallar um málið og tekur ákvörðun um framhaldið. Sjá þrep 4 í verklagi.
 - a. Sérstaklega skal skoða: Námslega stöðu, félagslega stöðu, líðan nemanda, heimilisaðstæður og samskipti nemanda, kennara og foreldra.
 - Áætlun er gerð út frá niðurstöðu fundar og vísað í viðeigandi úrræði, ef þörf er á. Svo sem: Tengslakönnun, teymisfundir, aðkoma skólahjúkrunarfræðings og aðkoma skólaþjónustu fræðsluviðs.

Eftirfylgd og umfjöllun um málið á nemendaverndarráðsfundum eftir því sem þörf er á. Ef úrræði skólans hafa ekki skilað tilætluðum árangri er málinu vísað til barnaverndarnefndar. Upplýsa skal foreldra um framvindu málsins.

- iv. Tilkynningar (sjá þrep 5 í verklagi);
- a. Yfirsálfræðingur upplýstur um að málið verði tilkynnt til barnaverndar vegna skólasóknarvanda.
 - b. Málið tilkynnt til barnverndarnefndar Reykjanesbæjar á þar til gerðum tilkynningareyðublöðum. Allar skráðar upplýsingar um fyrri aðgerðir fylgi með ásamt ítarlegum viðverulista. Í kjölfar tilkynningar heldur skólinn áfram að vinna eftir þeim úrræðum sem eru þegar til staðar. Hér að neðan eru upplýsingar um ferlið eftir að málið er tilkynnt til barnaverndar:
 - i. Tilkynning er tekin fyrir á móttöku- og greiningarfundum sem haldnir eru vikulega.
 - ii. Staðfesting er send til grunnskóla um að tilkynningin hefur verið móttækin.
 - iii. Málinu er úthlutað til ráðgjafa barnaverndar.
 - iv. Ráðgjafi barnaverndar boðar foreldra og fulltrúa skóla, sem og aðra sem þurfa þykir, á fund í skólanum innan þriggja vikna frá því að málið er tekið fyrir hjá barnavernd.
 - v. Ráðgjafi aflar frekari upplýsingar í könnunarferlinu og ræðir meðal annars við nemenda, heimili og skóla.
 - vi. Ráðgjafi gerir greinargerð um könnun máls og kemur með tillögur að úrræðum ef þörf er á. Dæmi um leiðir:
 - Teymisfundir
 - Persónulegur ráðgjafi
 - MST
 - Stuðlar
 - Tilsjón á heimili
 - vii. Ráðgjafi boðar til teymisfundar með foreldrum, nemanda, fulltrúum skólans og öðrum aðilum ef þurfa þykir. Áætlun um meðferð máls er gerð og undirrituð af öllum þeim sem koma að málinu. Lögð er áhersla á að áætlunin sé tímasett, innihaldi skýr markmið og að hlutverk hvers og eins sé skilgreint.
 - viii. Barnavernd sér um eftirfylgd og lokar málinu þegar markmiðum áætlunar er náð.

Þegar málinu hefur verið lokað hjá barnavernd, tekur skólinn við eftirfylgd málsins.